

Nd.

452. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fiskimatsmönnum, sem náð hafa aldurshámarki samkv. lögum þessum, er skylt að veita undanþágu frá ári til árs, frá því að láta af starfi sínu, meðan viðkomandi yfirfiskimatsmaður mælir með undanþágunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til fiskimats veljast oftast menn, sem orðnir eru rosknir og hafa fengizt mjög lengi við fiskverkun. Oftast eru þeir því betur vaxnir starfi sínu, sem þeir hafa lengur stundað það. Það er mjög misjafnt, hve lengi menn eru hæfir til að gegna þessu starfi, en yfirleitt má telja, að menn þessir séu til þess vel færir, meðan þeir halda góðri sjón og líkamlegri hreysti.

Menn þessir eru að engu leyti á vegum ríkisins og taka hvergi föst laun, en eru daglaunamenn hjá einkafyrirtækjum. Er óeðlilegt, að ríkið geti hrakið frá starfi sínu menn, er svo er ástatt um, og það þótt þeir séu færir um að gegna starfinu og þeir, sem nýta verk þeirra og greiða kaupið fyrir, óski ekki, að þeir leggi starf sitt niður.